

*Aðalstræti 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. mars 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aðalstræti 4 í Grjótaþorpi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við birtingu auglýsingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skúlagata 19.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. janúar 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skúlagötu 19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerir athugasemd við birtingu auglýsingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 15. apríl 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

## AUGLÝSING

### um framlengingu banns við innflutningi frá Hollandi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

#### 1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá hollenskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu Avian Influensu í Hollandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og ekki hefur greinst á Íslandi, er bann það sem sett var 7. mars sl. við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Hollandi framlengt til mánudagsins 16. júní 2003.

#### 2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 16. júní 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. apríl 2003.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*